

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

STÆ 643b

HAUSTÖNN 2011

KENNARI: Hólmfríður Þorsteinsdóttir

NEMENDUR: 4. TU.

ÁFANGALÝSING:

- a) Umraðanir og samantektir.
- b) Líkindarúm, skilyrt líkindi og óháðir atburðir.
- c) Hagnýting líkindafræði í erfðafræði.
- d) Slembistærðir, dreififöll, líkindaföll og þéttleikaföll.
Væntigildi, fervik og staðalfrávik.
- e) Líkindadreifingar, strjálur og samfelldar.
- f) Strjálur tveggja breytu slembistærðir, óháðar slembistærðir og samfylgni.

KENNSLUBÆKUR: STÆ 643, útg. 2009 eða nýrri, eftir Jón Hafsteinn Jónsson, Níels Karlsson og Stefán G. Jónsson.

MARKMIÐ ÁFANGANS: Að nemendur verði færir um að skilja og nota þau hugtök og það táknmál stærðfræðinnar sem kynnt eru í áfanganum og beita þeim við lausn ýmissa viðfangsefna, bæði í daglega lífinu og úr námi margra annarra greina. Að nemendur læri táknmál og helstu lögmál líkindareiknings og tölfræði.

KENNSLUÁÆTLUN:

- Hluti a) 3 vikur
- Hluti b) 2 vikur
- Hluti c) 1 vika
- Hluti d) 3 vikur
- Hluti e) 2 vikur
- Hluti f) 1 vika

NÁMSMAT: Skiladæmi yfir önnina verða tvö (skilað 27. október og 8. desember) og einnar kennslustundar próf verða fjögur (6. október, 3. nóvember, 24. nóvember og 15. desember). Vinnueinkunn verður gefin í lok annar og vegur hún 30% af lokaeinkunn, en þó aðeins að nemendur nái lokaprófi. Í vinnueinkunn gilda prófin á önninni 80% og skiladæmin 20%. Í lok annar verða tvö próf sem vega samtals 70% af lokaeinkunn. Í því fyrri eru hjálpargögn ekki leyfð og vegur það 20% af lokaeinkunn, en í því síðara eru reiknivélar án texta í minni leyfðar og vegur það 50% af lokaeinkunn. Ef nemandinn þarf að taka endurtektarpróf í áfanganum reiknast vinnueinkunn með.